

Þórður Arason (2024), *Blikandi norðljósatraf í Biblíunni?* Haustþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 29. október 2024.

Blikandi norðljósatraf í Biblíunni?

Þórður Arason, Veðurstofu Íslands

Ein bók Biblíunnar er kennd við Esekíel spámann, og þar lýsir hann óvenjulegum ljósangangi á himni. Ísraelsmenn höfðu þá tapað stríði, verið hneptir í þrældóm og herleiddir til Babýlon. Þeir voru því í mikilli þörf fyrir skýr skilaboð frá Drottni. Fram koma hjá Esekíel upplýsingar um stað og stund, sem tengja má við 32°N, 45°A um árið 593 f.Kr. Esekíel lýsir hvernig himnarnir opnuðust í norðri með ljósadýrð á hreyfingu. Hann sá ljósmerkin sem skilaboð frá Drottni og bók hans fjallar um túlkun hans á þeim. Á síðari tímum hafa margir bent á að hann hafi e.t.v. orðið vitni að sjaldsédum suðlægum norðurljósum.

En er möguleiki á að sjá norðurljós svo sunnarlega á jörðinni? Sumir hafa talið það hugsanlegt í kjölfar óvenjumikilla og sjaldgæfra hamfara á sólinni, sambærilegum við svokallaðan Carrington atburð sem skall á jörðinni í byrjun september 1859. Þá sáust glæsileg suðurljós m.a. í Ástralíu á 38°S. Oft eru norðurljós rauðleit þegar þau sjást á mjög lágun breiddargráðum, því þá sést einungis í efsta hluta þeirra vegna sveigju yfirborðs jarðar.

Að kvöldi 10. maí 2024 skall óvenjuöflug sólskvetta á jörðinni og sáust norðurljós á mjög suðlægum breiddargráðum. Í meira en sólarhring stóð segulfárviðri upp við hámark virknikvarðans $K_p = 8 - 9$. Rauð norðurljós sáust t.d. á Big Pine Key í Flórída á 25°N. Þá sáust suðurljós með berum augum þrátt fyrir öll götuljósin hjá heimildarmanni okkar í Wellington á Nýja Sjálandi á 41°S.

Í erindinu verður fjallað nánar um Esekíel spámann, ljósasýn hans og sjaldgæf segulfárviðri.